

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar, sbr. 1. gr. e. staflíð samþykktar nr. 353/1977 skal vera kr. 8.500.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Gjald vegna tóku á hundum, samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 11

8. janúar 1997

## GJALDSKRÁ

### um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1997.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997, sem er innheimt með fasteignargjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir.*

Sorphirðugjald kr. 6.000 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki.*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Fl. kr.

a) 16.400

b) 32.800

c) 65.600

d) 131.200

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1997 6,60 kr./kg.